

„Besta rokkband í heimi!“

Nokkrar hljómsveitir í rokksgöngu hafa komið fram með sinn hljóm sem síðar varð svo einkenni heillar tónlistarstefnu. Ein slík er the Allmann Brothers Band sem skapaði hljóm suðurríkarokksins, eins konar blöndu af blús, kántrí og rokki. Hápunktinn í sögu sveitarinnar verður að telja tvöföldu tónleikaplötuna Live at the Fillmore East, sem e.t.v. má segja að sé ein besta rokktonleika plata sögunnar.

Gítarleikarinn Duane Allmann og yngri bróðir hans, hljómborðsleikarinn, Gregg Allmann, höfðu frá unglingsaldri leikið í hljómsveitum í Daytona í Flórída. Hourglass var skammlíf hljómsveit þeirra bræðra en Duane varð snemma eftirsóttur session-leikari í Muscle Shoals stúdíóinu og spilaði sem slíkur á plötum Wilson Pickett og Arethu Franklin á seinni hluta sjöunda áratugarins.

Poppklassík

Eftir Örn Þórisson

orn@mbl.is

Sagan segir að eftir margra klukkustunda tónlistar-djammi Duane með Dicky Betts á gítar, og Berry Oakley á bassa, Jaimo Johansson og Butch Trucks á trommur, hafi Duane hringt í bróður sinn og sagt honum að nú væri komin saman hljómsveit og Gregg væri sá eini sem gæti sungið með henni. Fyrstu tvær plötur þeirra The Allmann Brothers og Idlewild South seldust vel í suðrinu en vöktu litla athygli annars staðar. Aðdæmdum fjölgaði samt sem áður enda fór gott orð af sveitinni á tónleikum.

Í mars 1971 léku þeir í Fillmore East í NY og seinna það ár kom út tvöföld vínylplata frá tónleikunum, sem tryggði Allmann Brothers Band í sessi sem eina mestu hipparokksveit samtímans, ásamt Grateful Dead og öðrum stórsveitum. Blúsrokkíð hafði lengi lifað góðu lífi og fengið heilmikla vítamínsprautu í meðförum enskra gítarsnillinga á



borð Clapton, Beck og Page, en Allmann Brothers tóku formið jafnvel enn lengra og bættu við áhrifum úr djassinum, spunameistara á borð við Miles Davis og John Coltrane. Einföld blúslög voru spiluð sundur og saman, ekki var óalgengt að þau teygðust upp í hálf tíma djömm, enda spilagleði og frjó tónhugsun gítarleikaranna Duane Allmann og Dicky Betts stórkostleg. Ekki var rythminn síðri. Berry Oakley klettur á bassann og síðan lömdu Butch Trucks og Jaimo grúppuna áfram með þéttum trommuleik. Smekklegur orgelleikur og frábær blússöngur Gregg Allmanns kórónuðu svo hljóminn. Að sumu leyti minnti hljómsveitin á kvartett Coltranes eða kvintett Miles, í samhljóm og spuna en auðvitað var og er hljómur Allmann Brothers þeirra eigin. Sérstök blanda blúsrokk, sálar-tónlistar, djass, sækadelfu og kántrí sem hljóðvers-upptökum tókst aldrei að fanga.

Á plötunni Live at Fillmore East voru upphaflega sjö lög, en í nýlegri endurútgáfu var bætt við 6 öðrum og tónleikarnir þá orðnir í heildina 2 klst. og 20 mín! Í sérstöku upphaldi eru Whipping Post, One Way Out, Statesboro Blues og In Memory of Elizabeth Reed, en tónleikarnir í heild verða teljast fullkomin og gleðilegt að upptökuvélar voru á staðnum til að ná þessu á teip. Raunar fullyrta gagnrýnendur Rolling Stone tamaritsins eftir útgáfu Fillmore platananna, að Allmann Brothers Band væri besta rokkband í heimi!

Gat hljómsveitin náð lengra? Var hægt að toppa þetta? Um það getur enginn sagt, því þrátt fyrir að njóta mikillar fjárhagslegrar velgengni um tíma með vinsælum lögum á borð við Ramblin Man, þá náði Allmann Brothers aldrei lengra í listrænni sköpun. Á einu og hálfu ári eftir útgáfu Fillmore East létust bæði Duane Allmann og Berry Oakley sinn í hvoru mótörhjólaslysinu. Síðan tók við langt tímabil óreglu og poppstjörnustæla hjá Gregg Allmann. (Man einhver eftir honum í aukahlutverki dópdlers í myndinni Rush? Hann var svo sannfærandi að maður vissi varla hvort hann væri að leika, sannarlega óskarsverðlauna frammistaða). Voru álog á hljómsveitinni? Ef það var ekki dauði eða óregla frumkvöðlanna, þá tóku við málaferli. Loks þraut sköpunarkraftinn og spilagleðina og hljómsveitin varð óttalegt rekald á níunda áratugnum.

En Allmann Brothers Band er ein af þessum eilífðarvélum rokkisins. Eftir vel heppnaða áfengismedferð Gregg Allmann og mannabreytingar, þá hefur hljómsveitin á síðustu árum endurheimt spilagleðina og sköpunarkraftinn. Dæmi um það má sjá á alveg mögnuðum DVD diskum Live at Beacon Theatre, frá árinu 2004. Að sumu leyti er það tímalaus heimild, þó ekki jafnmikilvæg söguleg heimild um tímamót og frumkvöðla í tónlist á hápunktum sínum eins og Live at Fillmore East.



Gorillaz

De la Soul, Ike Turner, Shaun Ryder, Neneh Cherry, Roots Manuva og Damon Albarn auk nokkurra annarra listamanna hafa tekið höndum saman og hyggjast flytja lög af metsöluhlötu Gorillaz, *Demon Days*, í Apollo-leikhúsinu í Harlem dagana 2. til 6. apríl. Einnig hefur það heyrst að Gorillaz sé um þessar mundir að vinna með Passion Pictures að því að skapa heilmyndartónleika fyrir hljómléikaferð sem farin verður á næsta ári.

Áttunda breiðskífa Seattle-sveitarinnar Pearl Jam kemur út í byrjun maí. Platan er sú fyrsta sem sveitin sendir frá sér í fjögur ár og er fyrsta breiðskífan sem kemur út hjá J Records-plötufrirtækinu.

„Nokkur rokk-lög og nokkrar ballöður ... Þetta eru ekki beint geimvísindi,“



Pearl Jam

segr Stone Gossard, gítarleikari Pearl Jam, um nýju plötuna en hann er þó mjög bjartsýnn á viðtök-

urnar. „Þetta hljómar eins og upphafið að einhverju nýju. Við erum stoltir af lögunum og þau ættu að falla fjöldanum í geð.“

Breiðskífan kvæð vera mikið samvinnuverkefni innan hljómsveitarinnar en allir meðlimir lögðu hönd á plóg við upptökustjórn, tónsmíðar og jafnvel textagerð.

Fyrsta smáskífulagið „World Wide Suicide“ sem er eftir sjálfan Eddie Vedder, fer í spilun í Bandaríkjunum áttunda mars. Sama dag verður það einnig fánlegt til niðurhals án endurgjalds á heimasíðu sveitarinnar, www.pearljam.com.

Pearl Jam hefur þegar selt meira en 60 milljónir platan frá því að sveitin kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1991. Reiknað er með að hún fari í heimstónleikaferðalag í kjölfar útgáfunnar.

Saðfest hefur verið að Madonna muni koma fram á Coachella-tónlistarhátíðinni í Kaliforníu í apríl. Mun poppdrottningin stíga á svið í Sahara-tjaldinu.

„Ég hef aldrei áður komið fram á tónlistarhátíð,“ segir Madonna.

„Og ég er sérstaklega spennt fyrir að fá að spila á Coachella áður en ég byrja á mínu eigin hljómléikaferðalagi.“ Meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni eru: Tool, Depeche Mode, Franz Ferdinand og Damian Marley, sonur Bobs gamla Marley.

Twisted Sister-söngvarinn Dee Snider gekkst undir uppskrúð á hálsi í síðustu viku til að fjarlægja holsepa sem myndast hafði í raddböndum söngvarans. Samkvæmt læknisráði verður Snider að halda kyrru fyrir í að minnsta kosti tvo mánuði áður en hann getur aftur farið að tjá sig um allt milli himins og jarðar eins og honum virðist lífsnaúðsynlegt og ætti það að reynast þessum skoðanaglaða og afdráttarlausna manni erffitt, svo ekki sé meira sagt.

Gítarleikarinn mikli

Saga rokkveitarinnar Pink Floyd er saga átaka tveggja af þekktustu listamönnum breskrar rokksgögu, þeirra Roger Waters og David Gilmour.

Þær hljómsveitir eru oft bestar þar sem menn togast á, glíma um hugmyndir og stefnu, best ef það er gert í góðu en getur líka verið gott ef smáharka hleygur í leikinn, meira að segja mjög gott, svo framarlega sem hljómsveitin springur ekki í loft upp áður en henni tekst að koma frá sér vænum skammti af tónlist. Pink Floyd er einmitt afbragðsdæmi um slíka sveit – eftir að Syd Barrett gekk af göflunum og skildi félagi sína eftir í reiðuleysi tók Roger Waters við stjórninni. Það var svo nýr maður í sveitinni, en nátengdur henni alla tíð, David Gilmour, sem skapaði það mótvægi við Waters sem gerði Pink Floyd að einni helstu sveit breskrar rokksgögu.

Glamrað á gítar

David Gilmour var á sínum tíma skólafélagi Syds Barretts, þeir glömrðuð saman á gítar í listaskóla í Cambridge-skíri í upphafi sjöunda áratugarins. Þegar Barrett stofnaði hljómsveit með þeim Roger Waters, Nick Mason og Rick Wright, Pink Floyd, var Gilmour ekki boðið með, en hann gekk í aðra sveit, Jokers Wild, síðar í Flowers og loks Bullit sem leystist upp 1967.

Eftir Árna Matthíasson

arni@mbl.is

Syd Barrett var sérdeilis snjall tónlistarmaður, góður gítarleikari og glúrin lagasmíður með mjög óvenjulega sýn á líffíð og tilveruna. Hann gekk aftur á móti ekki heill til skógar og varð smám saman óhæfur til að spila á gítarinn aukinheldur sem ekki var hægt að treysta því að hann skilaði sér í hljóðver eða á tónleika. Þeir félagar hans í Pink Floyd leituðu þá til Gilmour um að hlaupa í skarðið sem hann og gerði, tók að sér gítarspil og söng að mestu.

Waters í brúnni

Þegar Barrett stimplaði sig út var úr vöndu að ráða, því hann hafði verið helsti hugmynda- og lagasmíður sveitarinnar. Úr varð að Waters tók að sér lagasmíðar að mestu, í góðu samráði manna framan af, enda mikið gæðaeafni sem frá honum kom. Smám saman þótti þeim félögum hans hann þó fullfrekur til fjörsins, vildu fá að semja líka og eins fá að hafa eitthvað að segja með það hvert sveitin stefndi.

Aðalgreiningurinn var milli Waters og Gilmour, enda báðir lagasmíðir, en Gilmour fékk útrás á sólóskífum, sú fyrsta kom út 1978, samnefnd honum og fékk finar viðtökur, komst inn á breska breiðskífulistann. Á þeirri plötu mátti heyrja hvert Gilmour vildi stefna, eða kannski frekar hvað hann var að þæla músiklega, lág-



Ljósmynd/Harry Borden

David Gilmour skapaði það mótvægi við Waters sem gerði Pink Floyd að einni helstu sveit breskrar rokksgögu.

stemmdari tónlist en Pink Floyd gerði helst, söngurinn raulkenndur og hljóðfæraleikur finlegri. Þess má geta að þegar Gilmour sendir frá sér sólóskífuna eru þeir Pink Floyd-félagar nýbúinir að senda frá sér Animals og The Wall í smíðum.

Valdarán Waters

Þegar þar var komið sögu var Roger Waters búinn að taka öll völd í sveitinni og félagar hans fengu lítið við ráðið. Það var helst að Gilmour gat komið að hugmyndum og lögum, en annars má segja að Waters hafi kallað á þá í hljóðver þegar spila þurfti eitthvað inn og sagði þeim síðan fyrir verkum. Þannig samdi hann öll lög utan þrjú á The Wall – eitt samdi hann með Bob Ezrin og tvö áttu þeir saman Gilmour og Waters, annað þeirra lagið Comfortably Numb sem byggðist á lagstúf sem Gilmour hafði samið til að nota á sólóskífum sinni en síðan lagt til hliðar.

The Wall kom út 1979 og svo The Final Cut 1983, en því má halda fram að þessar plötur tvær, aðallega sú síðarnefnda, hafi verið sólóskífur Waters. Gilmour fékk útrás fyrir sínar hugmyndir á annarri sólóskífu, About Face, sem kom út 1984. Á henni er hann heldur rokkaðri en plötunni frá 1978 og platan reyndar umtalsvert betri – finasta popplata. Hann var líka með einvalið með sér, Jeff Porcaro, Pete Townshend og Steve Winwood svo dæmi séu tekin.

Um það leyti sem About Face kom út var flestum ljóst að Pink Floyd í þáverandi mynd væri búin að syngja sitt síðasta og ári síðar lýsti Waters því yfir að hljómsveitin væri hætt. Það var Gilmour ekki sáttur við, fannst hann líka eiga eitthvað í sveitinni, og eftir málaferli voru honum dæmd yfirráð yfir nafninu.

Fyrsta Pink Floyd-platan án Rogers Waters var A Momentary Lapse of Reason, sem kom út 1997, en þeir Nick Mason og Rick Wright voru þá gengnir aftur í sveitina. Platan seldist mjög vel og tónleikaferð til að kynna hana gekk ekki síður, eins og má segja um næstu hljóðversplötu, The Division Bell, sem kom út 1994, en í millitíðinni kom út tónleikaplata. Önnur tónleikaplata kom svo út 1995, en síðan heyrðist ekkert frá sveitinni fyrr en hún sneri óvænt aftur á Live 8-tónleikunum í sumar og lék þar fullskípuð, því þeir Waters og Gilmour settu niður delur sínar fyrir þessa einu tónleika í það minnsta. Að öðru leyti virðist sem hljómsveitin sé hætt, eða í það minnsta hefur Gilmour lýst því yfir að hann sé ekki með í hyggju fleiri Pink Floyd-plötur hvað sem síðar verður.

Það verður að segjast eins og er að þær plötur sem Pink Floyd hefur gert frá 1985 eru óttalegt hrat og sannast að jafnan verður besta tónlistin til þegar menn takast á um hlutina og þær hugmyndir komast á plast sem eru bestar. Þegar Gilmour á einn að semja Pink Floyd-lög eða með aðstoð minni spámannanna eins og Masons og Wrights verður útkoman aldrei góð eins og dæmin sanna. Honum hefur aftur á móti gengið betur með sóloverkefni sín, eins og til að mynda About Face, sem er vel heppnuð í alla staði.

Pink Floyd-leg sólóskífa

Síðasta ári eyddi Gilmour að miklu leyti í hljóðveri sem hann hefur komið sér upp í bát á síki í Lundunum, í heimahljóðveri sínu eða í Abbey Road-hljóðverinu að semja og taka upp lög á nýja sólóskífu. Sú kemur svo út á mánudag og kallast On an Island.

Það vekur athygli manna að enn hefur Gilmour breytt um stíl á sólóskífu, hefur fært sig nær Pink Floyd en á fyrri verkum, og þannig minna langir kaflar á plötunni á Pink Floyd fyrri tíma, minna einna helst á verk sveitarinnar um miðjan áttunda áratuginn – nokkuð sem Gilmour tekur undir að hluta í að minnsta kosti einu viðtali vegna plötunnar.

David Gilmour hefur verið býsna lengi að og heldur enn velli, einn virtasti gítarleikari sinnar samtíðar og leitun að manni sem fer eins smekklega með og hann á vanda til í spunaköflum sínum. Hann hyggst fara í stutta tónleikaferð til að kynna plötuna, ætlar að láta nægja að spila tvisvar í Albert Hall og síðan á smástöðum í nokkrum borgum – búinn að kynna frægðinni eins og hún getur orðið mest og fara um heiminn með sviðsbúnað sem fyllt hefur margar fragnuvélar, en nú er kominn tími til að leyfa gítarann að njóta sín.